

Umsókn um fjárframlag til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna í viðkvæmri stöðu 2021 vegna COVID-19

Félagsmálaráðuneytið / 29.3.2021 16:28

Um úthlutun

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til að efla frístundastarfsemi fyrir börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu árið 2021, umfram hefðbundið starf, með sérstaka áherslu á að leitað verði einstaklingsbundinni leiða til að ná til þessa hóps barna sem hvað síst sækja reglubundið frístundastarf. Alþingi hefur samþykkt fjárframlag til verkefnisins.

Framlög verða skv. útdeilingarreglunni fjöldi barna á aldrinum 12 til 16 ára í sveitarfélaginu * 4.090 kr. þó að lágmarki 100.000 kr. pr. sveitarfélag. Sé um að ræða fleiri en eitt verkefni í sveitarfélaginu skal sameina þau í eina umsókn sem skilað er til inn þ.e.a.s. ekki er gert ráð fyrir mörgum umsóknun frá einu sveitarfélagi.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. febrúar 2022, á netfangið frn@frn.is.

Upplýsingar um umsækjanda

Sveitarfélag:	Rangárþing ytra
Tengiliður sveitarfélags:	Tómas Haukur Tómasson
Kennitala sveitarfélags	5206023050
Reikningsnúmer sveitarfélags	308-26-70
Sími:	8946655
Netfang:	tomas@ry.is

Verkefnið

Verkefnisáætlun

Verkefni kallast „Listasmiðjan“ og gengur út á það að útvíkka Vinnuskóla sveitarfélagsins þannig að tekist sé á við ný verkefni sem gætu höfðað til fleiri barna. Hingað til hefur vinnuskólinn fyrst og fremst sinnt verkefnum sem snúa að fegrun umhverfis, snyrtingu grænna svæða og þess háttar. Hugmyndin er að ráðnir séu amk 2 verkstjórar til Vinnuskólans sem haldi utanum „Listasmiðju“ þar sem börnin fá þjálfun í margvíslegum skapandi greinum s.s. leiklist, myndlist, tónlist o.fl. Hugmyndin er í grunninn að börnin læri að vinna við skapandi greinar eru líka atvinna og ekki síður að reyna að fá fleiri börn til að njóta sín og hæfileika sinna og höfða þar sérstaklega til þeirra barna sem standa utanvið hópinn eða eiga eitthvað erfiðara fyrir en almennt gerist. Afrakstur vinnunnar verði síðan nýttur til að setja lit í mannlífið á Hellu í sumar með sýningum og þess háttar m.a. við stofnanir sveitarfélagsins og með rafrænum hætti og gegnum samfélagsmiðla ef samkomutakmarkanir verða áfram strangar.

Upphaf verkefnisins	15.06.2021
Lok verkefnisins	20.08.2021
Markhópur	Börn á aldrinum 12-16 ára og sérstaklega litið til þeirra sem mögulega standa utan hópsins eða eru í viðkvæmri stöðu.
Samstarfsaðilar	Þjónustumiðstöð Rangárþings ytra

Fjárhagsáætlun

Heildarkostnaður við ráðningu 2. verkstjóra u.þ.b. 1,8 mkr yfir tímabilið. Óskað er eftir styrk á móti framlagi sveitarfélagsins. Óskað er eftir 4.090 kr fyrir hvert barn á umræddum aldri.